

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Efnahagsyfirlit ýmissa lánaþyrirtækja

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, upplýsingatækni og gagnasöfnun

Tilgangur

Gögnunum er safnað í því skyni að fylgjast með þróun og stærð ýmissa lánaþyrirtækja og birta samantekt á upplýsingum frá þeim. Gögnin eru einnig hluti af uppgjöri á innlendum lánamarkaði.

Heimildir

Mánaðarlegt efnahagsyfirlit er unnið upp úr mánaðarlegum skýrslum frá 7 fjármálaþyrirtækjum.

Lagagrundvöllur

Gagnasöfnunin er á grundvelli laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, 32.gr. Í samræmi við 41. gr. laganna hefur Seðlabankinn heimild að eiga upplýsingaskipti við opinbera aðila um atriði sem lög þessi taka til þegar upplýsingaskiptin eru í samræmi við lögmælt hlutverk Seðlabankans eða móttakanda.

2. Aðferðafræði

Hugtök og skilgreiningar

Önnur fjármálafyrirtæki. Til annarra fjármálafyrirtækja teljast íbúðalánasjóður, fjárfestingarbankar, eignarleigur, greiðslukortafyrirtæki og fjárfestingarlánasjóðir. Þessir aðilar eru flokkaðir á eftirfarandi hátt en birt sem heild:

- **Íbúðalánasjóður:** Sjálfstæð ríkisstofnun sem veitir einstaklingum, sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum húsnæðislán til íbúðarkaupa og byggingarframkvæmda ([sjá lög um húsnæðismál nr.44/1998](#)).
- **Bindiskyld lánaþyrirtæki** eru þau lánaþyrirtæki sem eru bindiskyld við Seðlabanka Íslands, en það þýðir að þeim er skylt að hafa að meðaltali ákveðna fjárhæð á viðskiptareikningi sínum í Seðlabanka sem reiknuð er út frá ákveðnum skuldaliðum á efnahagsreikningi þeirra (sjá [Reglur um bindiskyldu, nr. 879 frá 30. september 2005](#)). Bindiskyld lánaþyrirtæki eru: Borgun hf., Lánasjóður sveitarfélaga, Lykill fjármögnun hf. og Valitor hf.
- **Byggðastofnun:** Stofnun er heyrir undir iðnaðarráðherra og hefur það hlutverk að efla byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni og skipuleggur og fjármagnar verkefni og veitir lán með það að markmiði.

Innlendur aðili skv. skilgreiningu [laga um gjaldeyrismál \(nr. 87/1992\)](#) er sá sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að.

Innlendur aðili telst einnig lögaðili sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili er allir aðrir en innlendir aðilar, sbr. ofangreinda skilgreiningu.

Kröfur á lánastofnanir eru kröfur, aðrar en skuldabréf og önnur verðbréf, sem ýmis lánafyrirtæki eiga á aðrar innlendar lánastofnanir.

Útlán er samheiti yfir öll útlán ýmissa lánafyrirtækja í hvaða formi sem þau eru.

Markaðsskuldabréf er framseljanlegt skuldabréf sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á.

Markaðsverðbréf er framseljanlegt verðbréf (skuldabréf, hlutabréf eða hlutdeildarskírteini) sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu- vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Sem dæmi um markaðsverðbréf má nefna spariskírteini, ríkisbréf, ríkisvíxla, húsbréf, húsnaðisbréf, íbúðabréf og hlutabréf sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

Verðbréf eru hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar (t.d. skuldabréf og víxlar) svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum (t.d. hlutabréf). Skilgreining á innlendum verðbréfum miðast við að búseta útgefanda þeirra sé á Íslandi. Ekki er nauðsynlegt að verðbréfin séu skráð á markaði heldur ræðst af formi þeirra.

Víxill er skrifleg áskorun í ákveðnu formi frá útgefanda, til annars manns, greiðanda, um að hann greiði peninga til þriðja manns. Víxlar geta verið víxlar á hendur öðrum manni eða eigin víxlar. Með eigin víxli tekur útgefandinn sjálfur að sér að greiða víxilfjárhæð á gjalddaga. Víxlar eru jafnan óverðtryggðir og yfirleitt notaðir ef um skammtíma fjármögnun er að ræða þ.e. 4 mánuðir eða skemur. Víxlar eru aldrei gerðir til lengri tíma en eins árs.

Skuldabréf er skrifleg yfirlýsing útgefanda (skuldara) um skyldu hans til að greiða öðrum aðila (kröfuhafa) ákveðna upphæð ásamt vöxtum yfir tiltekinn tíma og endurgreiða lánið á gjalddaga. Algengt er að skuldabréf séu gefin út til 5-30 ára og þau er hægt að fá bæði verðtryggð og óverðtryggð. Verðtryggð skuldabréf eru að lágmarki til 5 ára, samkvæmt [reglum](#)

Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár (nr.492/2001), og eru miðuð við vísitölu neysluverðs. Óverðtryggð skuldabréf eru til styttri tíma en fimm ára.

Gengisbundin skuldabréf eru skuldabréf þar sem höfuðstóllinn breytist í samræmi við breytingar á gengi þess gjaldmiðils sem skuldabréfið er miðað við.

Verðtryggð skuldabréf. Með verðtryggingu skuldabréfs er jafnan átt við að höfuðstóll skuldabréfsins breytist mánaðarlega eftir því sem breytingar verða á verðlagi (vísitölu neysluverðs). Heimilt er að vísitölubinda skuldabréf sem eru til 5 ára hið minnsta.

Eignaleigusamningur er samheiti yfir fjármögnunarleigu og kaupleigu en bæði þessi fjármögnunarform eru ólík beinum lánum að því leyti að þau byggja á því, að lánveitandinn kaupir lausafé eða fasteign sem viðskiptavinurinn óskar og leigir honum til fyrirfram umsamins tíma. Þannig er eignarrétturinn helsta trygging lánveitandans.

Ríkisvixlar eru óverðtryggðir og gefnir út af Lánasýslu ríkisins fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands til skemmri tíma en eins árs. Þeir bera ekki vexti og eru greiddir á nafnverði á gjalddaga.

Hlutdeildarskírteini er fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína.

Hlutabréf er ávísun á ákveðinn eignarhlut hluthafa í fyrirtæki sem rekið er sem hlutafélag. Hlutafélagið gefur út sérstakt skjal (hlutabréf) til sönnunar því að eigandi þess (hluthafi) eigi ákveðinn hlut í eignum fyrirtækisins og árlegum hagnaði þess. Hlutabréf eru oftast viðskiptabréf, þ.e. þau geta gengið kaupum og sölum eins og tilgreint er í samþykktum félagsins.

Aðrar eignir eru þær eignir úr efnahags- og rekstrarliðum ýmissa lánafyrirtækja sem ekki eru sýndar sérstaklega í reikningum annarra fjármálafyrirtækja.

Innlendar lántökur eru lántökur frá ríkinu, lánastofnunum, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysis-tryggingasjóði o.fl.

Verðbréfaútgáfa er skuldabréfaútgáfa annarra fjármálafyrirtækja til að afla sér lánsfjár á markaði til eigin fjármögnunar.

Húsbréf eru skuldabréf sem gefin voru út af Íbúðalánasjóði (áður Húsnæðisstofnun) á tímabilinu 15. nóvember 1989 til 1. júlí 2004 til að fjármagna útlán til húsnæðiskaupa eða -bygginga.

Húsnæðisbréf eru skuldabréf sem gefin voru út af Íbúðalánasjóði (áður Húsnæðisstofnun) til að fjármagna félagslega íbúðalánakerfið.

Íbúðabréf eru skuldabréf sem gefin eru út af Íbúðalánasjóði (frá 1. júlí 2004) til að fjármagna peningalán til húsnæðiskaupa eða –byggingar.

Erlendar lántökur eru allar skuldir í erlendum gjaldeyri sem ekki eru tilgreindar annars staðar.

Eigið fé er hlutafé/stofnfé, varasjóðir, endurmatsreikningur og óráðstafað eigið fé.

3. Áreiðanleiki gagna

Mánaðarlegu yfirliti skila öll 7 fyrrgreind fjármálafyrirtækin, það er Íbúðalánasjóður, Lánasjóður sveitarfélaga, Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggðastofnun, Lykill fjármögnun, Borgun og Valitor.

4. Endurskoðun gagna

Árslokatalur skv. mánaðarskýrslu desembermánaðar eru endurskoðaðar jafnharðan og ársreikningar berast.

5. Birting

Birting efnahagsyfirlits ýmissa lánafyrirtækja er á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#) einu sinni í mánuði og miðast tölur við stöðu í lok mánaðar. Einnig er birting á þessum gögnum í [Ársskýrslu](#) Seðlabankans. Gögnin eru aðgengileg á mánaðarlegri tíðni frá mars 1992. Eldri gögn eru aðgengileg í ársskýrslum bankans.

6. Annað

Stutt söguágrip annarra fjármálafyrirtækja

- Árið 1905 var Fiskveiðasjóður Íslands stofnaður til eflingar við sjávarútveg.
- Lðnlánasjóður var stofnaður árið 1935 til að styrkja innlandan iðnað.
- Húsnæðisstofnun ríkisins var stofnuð árið 1957 til að styrkja landsmenn í eignakaupum.
- Árið 1964 var Ferðamálasjóður stofnaður með lögum um skipulag ferðamála.
- Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður með lögum þann 17. desember 1966. Lánasjóður sveitafélaga var stofnaður sama ár og tók einnig Atvinnujöfnunarsjóður við af Atvinnubótasjóði til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þetta árið var Verslunarlánasjóður einnig stofnaður.
- Framkvæmdasjóður Íslands tók við af Framkvæmdabanka Íslands árið 1967.
- Iðnþróunarsjóður var stofnaður árið 1970.
- Frjálsi fjárfestingarbankinn hóf að starfa samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði árið 1995. Árið 1997 var félagið skráð á Verðbréfaþing Íslands að undanfögnu hlutabréfaútboði.
- Í október 1998 voru reikningar Verslunarlánasjóðs sameinaðar reikningum Íslandsbanka hf. og telst hann því ekki með fjárfestingarlánasjóðum frá þeim tíma. Sama ár voru reikningar Framkvæmdasjóðs Íslands sameinaðir reikningum ríkissjóðs.
- Fjárfestingarbanki atvinnulífsins var stofnaður 1. janúar árið 1998 og tók hann við starfsemi Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði.

- Í ársbyrjun 1999 voru Byggingarsjóður ríkisins, Húsbréfadeild og Byggingarsjóður verkamanna sameinaðir í Íbúðalánasjóð. Íbúðalánasjóður tók við hlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins.
- Á árinu 2000 voru Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og Íslandsbanki sameinaðir.
- Þróunarfélag Íslands var stofnað árið 1985, það sameinaðist Eignarhaldsfélagi Alpýðubankans árið 2002 og við það var nafninu breytt í Framtak fjárfestingarbanka.
- Í maí 2003 voru efnahagsyfirlit fjárfestingarlánasjóða og eignarleigna sameinað undir efnahagsyfirliti annarra fjármálafyrirtækja. Þá var eignarleigunum SP Fjármögnun hf. og Lýsingu hf. bætt við geirann önnur fjármálafyrirtæki.
- MP fjárfestingarbanki hf. fékk starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki í nóvember 2003.
- Ferðamálasjóður sameinaðist Byggðastofnun árið 2003.
- Í júní 2003 sameinuðust Búnaðarbanki Íslands hf. og Kaupþing hf. og er nafn sameinaðs félags Kaupþing banki hf.
- Straumur hf. fékk fjárfestingarbankaleyfi í lok mars 2004.
- Framtak Fjárfestingarbanki hf. var sameinaður Íslandsbanka 1. janúar 2004.
- Lánasjóður sveitarfélaga fékk starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki í ágúst 2005.
- Í september 2005 var Lánasjóður landbúnaðarins seldur Landsbanka Íslands og lagðist þar með niður.
- Í september 2005 skiptist Burðarás Fjárfestingarfélag hf. milli Straums Fjárfestingarbanka hf. og Landsbanka Íslands hf. Nýtt félag Straums nefnist nú Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf.
- Í desember 2005 fékk Verðbréfastofan starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki og heitir nú VBS fjárfestingarbanki.
- Í apríl 2006 bættist Sjóvá fjármögnun hf. við bindiskyld lánafyrirtæki.
- Í byrjun árs 2007 fékk Sjóvá fjármögnun hf. nafnið Avant hf.
- Saga Capital fékk starfsleyfi sem fjárfestingarbanki í lok apríl 2007.
- Hinn 30. apríl 2007 var Fjárfestingarfélag Sparisjóðanna, FSP hf., sameinað VBS fjárfestingarbanka hf. og verður fjárfestingarbankinn starfræktur undir því nafni.
- Straumur-Burðarás fékk starfsleyfi sem viðskiptabanki 28. ágúst 2007 og er ekki lengur talinn til annarra fjármálafyrirtækja.
- MP fjárfestingarbanki fékk fullt viðskiptabankaleyfi 10. október 2008 og er ekki lengur talinn til annarra fjármálafyrirtækja.

- Frjálsi fjárfestingabankinn var settur í slitameðferð í mars 2009 og er því ekki lengur talinn til annarra fjármálafyrirtækja.
- VBS fjárfestingabanki var settur í slitameðferð 9. apríl 2010 og er því ekki lengur talinn til annarra fjármálafyrirtækja.
- Askar Capital var settur í slitameðferð 13. júlí 2010 og er því ekki lengur talinn til ýmissa lánafrirtækja.
- Avant var sett undir bráðabirgðastjórn 13. júlí 2010 og er ekki lengur talið til annarra fjármálafyrirtækja.
- Straumur IB hf. Fékk starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki 31. ágúst 2011.
- Saga fjárfestingabanki missti starfsleyfið í október 2011 og er því ekki lengur talinn til annarra fjármálafyrirtækja.
- Fjármögnunarfyrirtækið SP Fjármögnun var sameinað Landsbankanum í október 2011 og er því ekki talið til annarra fjármálafyrirtækja eftir það.
- Kreditkort hf. Var sameinað Íslandsbanka í mars 2012 og er því ekki talið til annarra fjármálafyrirtækja eftir það.
- Þann 23. mars 2012 tók eignaleigusvið MP banka til starfa undir heitinu Lykill.
- Straumur fjárfestingarbanki hf. sameinaðist MP banka í júní 2015.